

Miklar heræfingar Rússa

● Pútín kom fram opinberlega í fyrsta sinn í 10 daga og virtist við góða heilsu

Kristján Jónsson
kjon@mbl.is

Rússar hófu í gær óvæntar heræfingar við norsku landamærin með þátttöku tuga skipa og fallhlífahermanna. Alls taka um 38.000 hermenn þátt í æfingunum. Sergei Sjogú varnarmálaráðgjafi sagði Rússa standa andspænis „nýjum ógnum“ í varnarmálum, einkum í norðri.

Nýlega var efnt til heræfinga Atlantshafsbandalagsins í N-Noregi og bæði Svíar og Danir efla nú varnir

sinar vegna ótta við að Rússar ráðist á Eystrasaltsríkin, Eistland, Lettland og Litháen. Í fyrstnefndu þrem ríkjunum eru mjög stór þjóðarbrot rússneskumælendi fólks.

Vladímír Pútín Rússlandsforseti kom í gær fram opinberlega í fyrsta sinn í 10 daga en miklar sögusagnir hafa verið á kreiki vegna fjarveru hans, meðal annars hafa menn verið því fyrir sér hvort hann væri alvarlega veikur. Hann tók á móti forseta Kirgístans í Pétursborg og sagði brosandí en nokkuð fötur að „slúður“

gerði lífið skemmtilegra en ella. En veikindi leiðtoga sem er annars sýnilegur í fjölmörgum dag hverjum gætu grafið undan mynd „sterka mannsins“ sem Pútín hefur ræktað mjög.

Sýnd var mynd á sunnudag um hernám Rússa á Krím í rússneska ríkissjónvarpinu. Þar sagði forsetinn að Krímskagi væri sögulega séð rússneskt land en Rússar lögðu hann undir sig á 18. öld. Einnig sagði Pútín að hann hefði verið reibúðinn að setja kjarnorkuheraflann í viðbragðsstöðu vegna Krím.

Fagna innlimun

» Eft var til hátíðarhalda í Rússlandi í gær í tilefni þess að rétt á var líðið frá því að Krím var innlimað. Vesturveldin neita að samþykkja lögmati þessarar innlimunar.

» Sovésk stjórnvöld gáfu Úkraínu Krím árið 1954.

DANMÖRK

Offramboð á fangelsisrými

Hundruðum fangaklefa í Danmörku hefur verið lokað í bili vegna þess að þörfin hefur snarminnkað, segir í Jyllands-posten. Þegar hefur 255 klefurnir verið lokað.

Ökklaband
Eru fangaverðir nú farnir að óttast að störf þeirra fjúki einnig. Afbrotafræðingur segir að tíðni afbrota hjá ungu fólki í landinu sé nú lægri en áður í manna minnum. Fleiri orsakir séu þó fyrir minni þörf fyrir fangelsisrými. Þannig er meira um það en áður að fólk afpláni með samfélagsþjónustu.

Einnig eru nú allmargir látnir afplána með því að bera til þess gerðan rafrænan búnað á sér, ökklabönd, þá er hægt að fylgjast með ferðum þeirra. Afbrotaþíoni síðustu árin er sú lægsta sem mælt hefur frá 1987 er byrjað var að mæla.

„Hvað snertir vissar gerðir brota, þ. á m. ofbeldisbrot, hefur tíðnin lækkað um helming undanfarnin fimm ár,“ segir Brítta Kyvsgaard, yfirmáður rannsóknar- og dómsmálaráðuneytinu. Hún segir að afstaða unga fólksins til glepa hafi breyst, nú sé það álitio hluti af „framferði aumingja“ að brjóta lög, fara á fyrrer eða nota eitru-lyf. kjon@mbl.is

Likud, spáð tapi í Ísrael

Aðdáendur Benjamins Netanyahu, forsetisráðgjafi Ísraels, halda á lofti mynd af ráðherranum á úti-fundi í Tel Aviv á sunnudag. En síðustu kannanir á föstudag gáfu til kynna að Zíonistabandalagið, sem stýrt er af Isaac Herzog, leiðtoga Verkamannaflokksins, myndi sigra og fá 24 sæti af 120, Likudflokkur Netanyahu 20.

Nær 20% Ísraela eru arabar og hafa þeir nú sameinast um lista sem ætí að tryggja þeim allmörg sæti. En ljóst er að margir aðrir smáflokkar munu fá þingsæti.



AFP



Reiði Mótmælendur á Copacabana-ströndinni í Rio de Janeiro á sunnudag, margir klæddust fánalitum Brasilíumanna, gulu og grænu.

Fjöldamótmæli gegn Rouseff

Mörg hundruð þúsund Brasilíumenn tóku þátt í mótmælafundum á sunnudagskvöld í 22 sambandsríkjum gegn Dilmu Rouseff forseta, fjölmennustu aðgerðirnar voru í Sao Paulo. Ástaða mótmælanna er umfangsmikil mótumál hjá ríkisöflugafélaginu Petrobras. Rouseff var um hríð forstjóri þess og andstaðingarnir segja hana hljóta að hafa vitað

um mótunarnar. Sumir krefjast þess að þingið ákæri hana.

Sjálf vísar Rouseff þessum ásökunum á bug og bendir á að ríkissaksóknari hafi látið rannsaka málið og hreinsa hana af öllum grun. Flestir mótuhægararnir eru liðsmenn flokka sem nú eru í meirihluta á þingi og stýjja forsetann. Stjórnvöld heita nú að ráðast gegn spillingu. kjon@mbl.is

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. mars 2015, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. mars 2015 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 16. mars 2015, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskilyða aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, oljulgjaldi, kílómetragjaldi, gistinátaskatti, fjársýsluskatti, viðbót- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnuettílitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilgjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fiskisjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbot á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangöldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingagjald er 2.000 kr. auk útlags kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreiginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að senni verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum krófum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 17. mars 2015

Tollstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn á Vestfirðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum